


Rannsókn á laxastofni Leirvogsár 1987.

Sigurður Guðjónsson

Nóvember 1987



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir rannsókn sem fram fór á fiskstofnum Leirvogsár sumarið 1987. Fylgst hefur verið með laxastofni árinna síðan 1985 (Sigurður Guðjónsson 1986 a og b). Rannsóknin í sumar fór fram með líku sniði og fyrri ár. Seiðaástand var kannað með rafveiðum og hreistri safnað til að sjá aldursamsetningu hrygningargöngunnar.

Seiðaástand

Rafveitt var á 2 stöðum á ófiskgenga hluta árinna og á 6 stöðum á fiskgenga hlutanum.

Á svæðinu fyrir ofan foss var eingöngu að finna sleppiseiði sem sleppt var vorið 1986. Seiðin voru þá um 4 cm. stór. Nú er meðallengd þeirra yfir 10 cm. (Mynd 1). Vöxtur þeirra er því mjög góður og ættu þau að fara ganga til sjávar næsta vor, 1988.

Á fiskgenga hlutanum var alls staðar mikið af seiðum (Mynd 1) og var einkum áberandi hversu mikið var af vorgömlum seiðum (Mynd 2).

Ef seiðafjöldi í ár er borin saman við fyrri ár er ljóst að seiðafjöldi á flatareiningu í einstökum árgöngum er töluvert breytilegur (Tafla 1).

Tafla 1.

Fjöldi laxaseiða á 100 m² í einni rafveiðiyfirferð.

Ár	Aldur		
	0+	1+	2+
1985	6.0	28.2	3.5
1986	5.8	11.0	11.0
1987	13.5	11.0	6.5

Það verður þó að taka þessum tölum með varúð þar sem rafveiði er háð ýmsum óvissupáttum og gefur því einungis grófa mynd af seiðapéttleika. Því er aðeins hægt að sjá stærri breytingar sem verða í ám.

Gönguseiði fara flest 3 ára úr Leirvogsa. Þetta sést á hreistri og einnig í rafveiðunum. Fjöldi 2 ára seiða að hausti er því grófur mælikvarði á veiðihorfur tæpum 2 vetrum síðar, þar sem mest allur lax kemur aftur eftir 1 ár í sjó í Leirvogsa.

Klakárgangar 1984 virðist hafa verið sterkur og 1987 klakárgangurinn virðist einnig vera það. Klakárgangarnir 1985 og 1986 virðast vera álíka sterkir en samt veikari en hinir fyrrnefndu. Klakið 1983 hefur væntanlega verið veikt þó ekki sé hægt að fullyrða um það en alla vega er sá árgangur veikur þegar hann kemur fyrst fram sem 2 ára seiði 1985. Sá árgangur var uppistaðan í veiðinni í sumar eins og fram kemur hér á eftir. Allar líkur eru á að lítið hafi farið út af gönguseiðum vorið 1986 og þar að auki hrepptu þau seiði slæm skilyrði í sjó. Veiðin í sumar, 1987, var 293 laxar. Miðað við styrk 2 ára seiða haustið 1986, sem fóru til sjávar vorið 1987 er ekki hægt annað en að vera bjartsýnn með veiðihorfur næsta sumar, 1988. Sömu sögu má segja fyrir árið 1989 þó möguleikar á eins góðri veiði og 1988 sé ekki að vænta (Tafla 1). Allt þetta ræðst þó að þeim sjávarskilyrðum sem að ríkjá þegar seiði ganga til sjávar. Um þau er ekki unnt að segja neitt að svo stöddu en greinilegt er að þau voru afar óhagstæð laxi vorið 1986. Það er því ólíklegt annað en að þau batni frá því. Þetta styrkir enn bjartsýni með góða veiði í Leirvogsa næsta sumar.

Talsvert er af urriða í Leirvogsa og a. m. k. hluti hans gengur í sjó. Kemur sjóbirtingurinn úr sjó seint og virðist einungis í lok veiðitíma laxins. Sjóbirtingsstofninn gæti því verið vannýttur, en ekki er gott um það segja, til þess þarf frekari rannsóknir. Hreistur af 5 fiskum bærust og höfðu þeir verið 2 til 3 ár í ánni og frá 3 til 5 sumur í sjó. Fróðlegt er að bera saman styrk urriðaárganga (Tafla 2) við styrk laxaárganga.

Tafla 2

Fjöldi urriðaseiða á 100 m² í einni rafveiðifyfirferð.

Ár	Aldur	
	0+	1+
1985	0.3	1.5
1986	2.8	1.8
1987	7.8	1.9

Einungis er hægt að nota tvo yngstu árgangana af urriðanum því 2 ára seið og eldri veiðast illa og eitthvað af þeim seiðum hefur gengið til sjávar. Ekki er unnt að sjá neitt afgerandi samband milli styrks einstakra árganga lax og urriða. Þó virðist klakið 1987 vera sterkt eins og hjá laxinum.

Aldurssamsetning

Eins og fyrri ár var uppistaðan í afla síðasta sumar smálax, sem er 1 ár í sjó (Mynd 4). Niðurstaða aldursgreiningar af hreistri sýnir þetta einnig (Tafla 3). Alls bárust 184 hreistur þar af var ekki hægt að lesa 10 þeirra. Atta hreistur voru af ókyngreindum fiskum.

Tafla 3.

Aldursamsetning laxa í Leirvogsa sumarið 1987.

Ferskvatns- aldur	Sjávaraldur			
	1 ár	2 ár	Alls	%
3 ár	143	9	152	87.4
4 ár	16	6	22	12.6
Alls	159	15	174	
%	91.4	8.6		

Lítið er um stórlax í Leirvogsa en þeir fáu sem það eru, eru flestir hrygnur (Tafla 4 og 5).

Tafla 4.

Aldursamsetning hænga í Leirvogsa sumarið 1987.

Ferskvatns- aldur	Sjávaraldur			
	1 ár	2 ár	Alls	%
3 ár	71		71	86.6
4 ár	9	2	11	13.4
Alls	80	2	82	
%	97.6	2.4		

Tafla 5.

Aldursamsetning hrygna í Leirvogsá sumarið 1987.

Ferskvatns- aldur	Sjávaraldur			
	1 ár	2 ár	Alls	%
3 ár	64	9	73	86.9
4 ár	7	4	11	13.1
Alls	71	13	84	
%	84.5	15.5		

Alyktanir

Öhætt er að vera bjartsýnn með laxveiði næsta sumar í Leirvogsá.

Lagt er til að rannsóknir á laxastofni árinna haldi áfram á næsta ári með líku sniði og síðustu ár. Öfiskgengi hluti árinna, það er svæðið ofan við Tröllafoss fósstrar seiði vel og ég tel að ekki verði veruleg afföl í fossinum á seiðum á leið til sjávar. Næsta vor verður sleppt kviðpokaseiðum á þetta svæði og fylgst með hvernig þeim reiðir af. Ef þetta reynist vel er þetta mun ódýrari fiskræktarleið en slepping smáseiða. Sumarið 1989 ættu sleppiseiði sem sleppt var vorið 1986 að skila sér í veiði og hugsanlega mögulegt að þekkja þau af hreistri.

Hægt er að finna út hvenær gönguseiði fara til sjávar með tíðum rafveiðum að vori og gæti þá starf þess sem stuggar við varg á ósasvæðinu orðið árangursríkara.

Einnig er rétt að huga að nýtingu sjóbirtingsins og er fyrsta stigið að safna eins miklu af hreistri af sjóbirting og hægt er, svo og að safna saman því sem vitað er um hann t.d. veiðum, frá liðnum árum.

Frekari fiskrækt í ánni telst svo í endurbótum á ánni svo sem gerð veiðistaða og uppeldissvæða.


Heimildir

Sigurður Guðjónsson 1986a. Athugun á laxastofni Leirvogsár 1985.

Veiðimálastofnun 9 bls. VMSTR/86010.


Sigurður Guðjónsson 1986b. Athugun á laxastofnun Leirvogsár og Köldukvíslar 1986. Veiðimálastofnun 15 bls. VMSTR/86028.

MYND 1.




MYNDI

ALDUR OG LENGÐ LAXASEIBA Í LEIRVOGSA 1987 FRAMHÁLD




MYND 2.



MYND 3

ALDUR OG LENGÐ URRIBASEIDA 'A' FISKGENGA HLUTA
LEIRVOGSAR 1987



MYND 4.

PYNGDAR DREIFING VEIDRA LAXA
Í LEIRVOGSA 1987

Fjöldi

